

Dr. Helgi Þjórhilss.

**Athugasemd við fyrirburðasögu
Jóns frá Starmýri**

Tu 16.3.43

Aðsókn sú, sem Jón frá Starmýri segir frá í Timanum í dag, virðist benda til þess, að framliðnum hafi verið mikill hugur á að ná sambandi við hann, og er ekki ósenilegt, að frá fróðlegri tiðindum hefði verið að segja, ef öðruvísi hefði verið við snúiðt. Híð rétta hefði verið, ef tök hefðu verið á, t. d. næsta kvöld, að skjóta á fundi (eins og spiritistar segja) og freista, hvort ekki mætti komast að vitneskju um, hvers vegna vera þessi birtist, eða verur. Og jafnvel þó að ekki hefði tekizt að fa neitt sagt, þá hefði mátt verða einhvers visari með því að gefa gætur að því, sem kom i huga þeirra, sem voru að leitast við að taka undir þessa sambandstilraun, sem virðist verið hafa. Einnig mætti gera ráð fyrir, að þáttakendum kynni að geta borið eitthvað fróðlegt í drauma nóttina eftir.

Tilgangurinn með slíkri sambandstilraun „handanað“, getur stundum verið löngun til að afstýra yfirvofandi háska, en stundum aðeins löngun til að geta sagt fréttir af sér og „ó-kunna landinu“. Bezt er að vera ekki hræddur, meðan ekki virðist brýn ástæða til, eins og Jón kveðst heldur ekki hafa verið. Betra er að tveir en einn taki þátt í slíkri tilraun, hérrna megin, og því meiri árangurs vop, sem fleiri eru, ef um nægjan samhug er að ræða. Margföld reynsla sýnir, að árangurs getur verið að vænta af slíkri tilraun, ef oftar er reynt, þó að ekki takist undir eins. Tilraunin mun takast betur, ef gert er ráð fyrir, að ekki sé um neitt yfirnáttúrlegt að ræða, og ekki

samband við anda og andaheim. Góður undirbúningur undir fróðlegt framhald, er að spryja þann, sem sýnir sig, hvar hann eigi nú heima. Mundi einhver, sem barizt hefði góðri baráttu hér á Íslandi, eins og ekki er óliklegt að þessi framliðni vinur J. frá Stm. hafi gert, geta sagt margt fróðlegt frá Íslandi, eða tilsvörun Íslands, á einhverri annarri jarðstjörnu, sem a. m. k. öðrumegin, væri stórum betri en þessi jarðstjarna, sem vér eignum heima á nú. Og hins vegar mundi sá, sem misendismaður hefði verið, geta sagt tiðindi af verra Íslandi en hér á jörðu er. Því að svo virðist sem vanalegt sé, að framliðnir eigi a. m. k. fyrst í stað heima í landi, sem líkist því, er þeir lifðu á hér á jörðu, en á betri eða verri veg, eftir því, hvernig hér hefir verið lifað.

Mér kom til hugar áðan, er ég var að lesa hina merkilegu einyrkjasögu Hákonar Finnsónar, að það mundi verða mjög skemmtileg íslenzk sveit, sem hann flytur í, begar „yfirum“ kemur. Mun Hákon þá verða stórvirkur og hagvirkur þeim mun fram yfir það, sem hann hefir verið hér á jörðu — og hefir þó verið með ólíkindum — sem ástæður verða betri. Og ekki bykir mér óliklegt, að honum mundi verða talsverður hugur á, að geta fært oss hérrna fréttir af íslenzkri sveit á annarri stjörnu, þar sem ærið margt væri til að undrast og gleðjast yfir, og íslendingum frumliðsins gæti orðið til fyrirmyndar.

9. mars 1943.

Holgi Pjeturas.